Öryggisblað (SDS)

Samkvæmt reglugerð Nr. 888/2015 (EB reglugerð 1907/2006 REACH)

1. Auðkenning efnisins eða blöndunnar og félagsins eða fyrirtækisins

1.1 Vörukenni: **KEMI dekkjahreinsir**

Vörunúmer: **815801** **1 Ltr.**

1.2 Viðeigandi og tilgreind notkun efnis eða blöndu og notkun sem ráðið er frá:

Viðeigandi notkun Hreinsiefni-olíuhreinsir.

Notkun sem ráðið er frá Engar upplýsingar fyrirliggjandi.

1.3 Söluaðili:

KEMI ehf.
Tunguhálsi 10
110 Reykjavík
Sími: 4154000
Netfang: kemi@kemi.is
Veffang: www.kemi.is

1.4 Neyðarsímanúmer: Eitrunarmiðstöð LSH veitir upplýsingar allan sólarhringinn um viðbrögð við slysum með hættuleg efni. Sími 543 2222. Neyðarlínan, lögregla, slökkvilið, sjúkraflutningar; sími 112.

2. Hættugreining

2.1 Flokkun efnisins eða blöndunnar:

Flokkun skv. reglugerð EB 1272/2008 (CLP):

H226	Eldfimur vökvi og gufa	Eldf. vökvi 3
H304	Getur verið banvænt við inntöku ef það kemst í öndunarveg.	Eit.v. ásvelg. 1
H319	Veldur alvarlegri augnertingu	Augnert.2
H336	Getur valdið sljóleika eða svima	SEM-VES 3
H372	Skaðar líffæri við langvinn eða endurtekin váhrif (miðtaugakerfi)	SEM-EV 1
H411	Eitrað lífi í vatni, hefur langvinn áhrif	Langv.eit.á vatn. 2

2.2 Merkingaratriði:

Merking skv. reglugerð EB 1272/2008 (CLP):

Hættumerki

Viðvörunarorð **HÆTTA**

Hættusetningar

H226	Eldfimur vökvi og gufa
H304	Getur verið banvænt við inntöku ef það kemst í öndunarveg.
H319	Veldur alvarlegri augnertingu
H336	Getur valdið sljóleika eða svima
H372	Skaðar líffæri við langvinn eða endurtekin váhrif (miðtaugakerfi)
H411	Eitrað lífi í vatni, hefur langvinn áhrif
EUH066	Endurtekin snerting getur valdið þurri eða sprunginni húð

Varnaðarsetningar

P102	Geymist þar sem börn ná ekki til.
P210	Haldið frá hitagjöfum, neistagjöfum, opnum eldi og heitum flötum. — Reykingar bannaðar.
P260	Andið ekki að ykkur ryki/reyk/lofttegund/úða/gufu/ýringi.

	P273	Forðist losun út í umhverfið.
	P280	Notið augnhlífar.
	P301+P310	EFTIR INNTÖKU: Hringið umsvifalaust í EITRUNARMIÐSTÖÐ eða lækni. Framkallið ekki uppköst.
	P403+P235	Geymist á vel-loftræstum stað. Geymist á köldum stað.
	P501	Fargið innihaldi/íláti hjá viðurkenndri spilliefnamóttöku.

Inniheldur: Vetniskolefni, C9-C12, n-alkanar, ísóalkanar, hringsambönd, arómatar (2-25%).

2.3 Aðrar hættur:

Eðlisfræðilegar: Varan getur hlaðist stöðurafmagni, sem getur valdið íkveikju. Gufur mynda sprengifimar blöndur með lofti. Gufa er eldfim.

Heilsufarslegar: Endurtekin snerting getur valdið þurri eða sprunginni húð. Væg húðerting. Getur valdið ertingu í augum, nefi, hálsi og lungum. Getur valdið bælingu miðtaugakerfis.

Umhverfislegar: Varan inniheldur engin efni sem flokkast sem PBT eða vPvB (>0.1%). (**PBT**: Þrávirkt, safnast upp í lífverum, eitrað. **vPvB**: Afar þrávirkt, safnast mjög fyrir í lífverum).

Sjá einnig 11. og 15. lið.

3. Samsetning innihaldsefna / upplýsingar um innihaldsefni

3.1 Efni: Á ekki við

3.2 Blöndur:

Vetniskolefni, C9-C12, n-alkanar, ísóalkanar, hringsambönd, arómatar (2-25%)			
Skráningarnúmer ECHA	01-2119458049-33-0000	**Innihald %**	**95 - 100**
Raðnúmer	-	**Varnaðarmerki:**	-
EINECS, ELINECS	919-446-0	**H-setningar**	-
CAS	64742-88-7	**Flokkun, hættumerking**	-
Hættuflokkun/Hættusetningar (CLP)			
Eldf.vökvi 3 - **H226**, Eit.v.ásvelg.1 - **H304**, SEM-VES 3 - **H336**, SEM-EV 1 - **H372**, Langv.eit.á vatn.2 - **H411, EUH066**			

Óleyamín exoxýlat			
Skráningarnúmer ECHA	-	**Innihald %**	**< 1**
Raðnúmer	-	**Varnaðarmerki:**	-
EINECS, ELINECS	-	**H-setningar**	-
CAS	26635-93-8	**Flokkun, hættumerking**	-
Hættuflokkun/Hættusetningar (CLP)			
Bráð eit.4 - **H302**, Augnskað.1 - **H318**, Bráð eit.á vatn 1 - **H400 (M=1)**, Langv.eit.á vatn.1 - **H410 (M=1)**			

Sjá texta H-setninga í 16. lið. Sjá flokkun efnisins í 2. lið.

4. Ráðstafanir í skyndihjálp

4.1 Lýsing á ráðstöfunum í skyndihjálp:

Almennt Kannið öndun og önnur einkenni á hinum slasaða. Tryggið að öndunarvegur sé opinn. Haldið hinum slasaða rólegum og heitum og undir eftirliti. Leitið læknis/bráðamóttöku, ef vafi er um ástand hins slasaða. Við meðvitundarleysi skal leggja í læsta hliðarlegu og leita læknis.

Innöndun Tryggið ferskt loft. Leitið læknis ef einkenni hverfa ekki fljótt. Meðhöndlun eftir einkennum. Leitið strax læknis við svima, ógleði eða meðvitundarleysi. Veitið öndunaraðstoð.

Snerting við húð Hreinsið húð strax vandlega með sápu og miklu vatni. Fjarlægið mengaðan fatnað og skó, og hreinsið vandlega áður en notkun hefst að nýju. Leitið læknis verði vart við ertingu. Mælt er með notkun verndarkrems á hendur.

Snerting við augu Skolið varlega með miklu vatni og haldið augum vel opnum. Fjarlægið augnlinsur fyrir skolun. Leitið augnlæknis ef einkenni hverfa ekki fljótt.

Inntaka Skolið munn með nægu vatni. Gefið vatn að drekka. Framkallið ekki uppköst. Leitið strax læknis. Sýnið öryggisblaðið. Ásvelgingarhætta. Við uppköst skal halda höfði lágt þannig að efnið berist ekki í lungu.

Til hjálparliða Gætið ávallt að eigin öryggi þegar um er að ræða váhrif af völdum efnavara. Notið persónu-hlífar. Hreinsið húð þegar hjálparstarfi er lokið.

4.2 Helstu skaðleg einkenni og áhrif, bæði bráð og tafin:

Innöndun	Gufa getur valdið sljóleika og svima, og haft áhrif á miðtaugakerfi.
Snerting við húð	Langvarandi snerting getur valdið roða, ertingu og þurrki.
Snerting við augu	Veldur vægri tímabundinni ertingu.
Inntaka	Ásvelging í lungu við inntöku eða uppköst, getur valdið alvarlegri lungnabólgu, jafnvel dauða.

4.3 Upplýsingar um tafarlausa læknisumönnun og sérstaka meðferð sem þörf er á:

Gefið súrefni sé um öndunarerfiðleika að ræða. Haldið hinum slasaða heitum. Gætið þess að hjálparliðar hafi upplýsingar um eðli eitrunar og geti gert varúðarrráðstafanir.

5. Ráðstafanir vegna slökkviaðgerða

5.1 Slökkvibúnaður:

Hentugur slökkvibúnaður: Koldíoxíð, alkóhólþolin froða, slökkviduft, vatnsúði. Kælið umbúðir með vatnsúða og/eða fjarlægið af brunasvæði, sé það unnt án áhættu.

Óhentugur slökkvibúnaður: Beinn vatnsgeisli, getur orsakað slettur og dreift eldi.

5.2 Sérstakar hættur af völdum efnisins eða blöndunnar:

Varan er eldfim. Við bruna geta myndast reykur, kolefnisoxíð, hálfbrunnin vetniskolefni, og eitraðar og daunillar gufur. Gufa er þyngri en loft og getur borist með gólfi að íkveikjuvöldum. Getur myndað sprengifimar blöndur með lofti

5.3 Ráðgjöf fyrir slökkviliðsmenn:

Tryggið góða loftræstingu. Forðist innöndun reyks og gufu.
Notið sjálfstæðan öndunarbúnað og fullan hlífðarfatnað. Hreinsið upp efni frá slökkvistarfi og mengað vatn skv. 6. lið og fargið skv. 13. lið.

6. Ráðstafanir ef efni fer óvart til spillis eða er losað fyrir slysni

6.1 Öryggisráðstafanir fyrir fólk, hlífðarbúnaður og neyðarráðstafanir:

Tryggið góða loftræstingu. Forðist innöndun og snertingu við húð og augu. Rýmið mengað svæði. Fjarlægið alla hita- eld- og neistagjafa. Reykið ekki. Gufa er þyngri en loft, forðist lágt liggjandi rými, svo sem kjallara. Notið persónuhlífar.

6.2 Varúðarráðstafanir vegna umhverfisins:

Stöðvið leka og dreifingu með byggingu varnargarða. Komið í veg fyrir að efnið berist í niðurföll, grunnvatn eða jarðveg. Vara flýtur á vatnsyfirborði.
Tilkynnið Umhverfisstofnun um mengunarslys.

6.3 Aðferðir og efni til afmörkunar og hreinsunar:

Fjarlægið alla eld- og neistagjafa. Notið neistavarinn búnað.
Við losun gufu skal tryggja góða loftræstingu. Gerið varnargarða og notið óbrennanleg ísogsefni svo sem sand, kísilgúr eða jarðveg. Setjið í þar til gerð ílát og fargið sbr. 13.lið.

6.4 Tilvísun í aðra liði: Sjá liði 8. og 13.

7. Meðhöndlun og geymsla

7.1 Varúðarráðstafanir um örugga meðhöndlun:

Tryggið góða loftræstingu. Forðist innöndun, inntöku og snertingu við húð og augu. Reykið ekki. Fjarlægið alla eld- og neistagjafa. Hitið ekki upp nálægt blossamörkum.
Losið ekki í niðurföll. Gerið ráðstafanir gegn stöðurafmagni. Fylgið notkunarleiðbeiningum.

Gætið hreinlætis við meðferð efnavara. Hreinsið hendur í vinnuhléum og þegar vinnu er lokið. Geymið vöruna fjarri matvælum og dýrafóðri. Farið úr menguðum fatnaði og hlífðarbúnaði áður en komið er á svæði þar sem matar er neytt. Hreinsið vandlega áður en notkun hefst að nýju. Notið viðeigandi persónuhlífar, öndunarbúnað, hanska/klæðnað, augn- og andlitshlífar. Tryggið aðgang að rennandi vatni og augnskoli á vinnusvæði.

7.2 Örugg geymsluskilyrði, þ.m.t. vegna mögulegs ósamrýmanleika:

Geymið ekki á gönguleiðum eða stigum. Geymið í vel luktum upprunalegum umbúðum á köldum, þurrum, vel loftræstum stað. Gólf ætti að vera leysiefnaþolið. Gufa er þyngri en loft og getur legið með gólfi. Forðist hátt hitastig, eldfim efni, beint sólarljós og oxara.

7.3 Sértæk, endanleg notkun: Leysiefni.

8. Váhrifavarnir / persónuhlífar

8.1 Takmörkunarfæribreytur:

Vísað er til laga og reglugerða um mengun og loftgæði á vinnustöðum.
Gera ætti mengunarmælingar á vinnustað til að tryggja að styrkur mengandi efna sé innan viðmiðunarmarka.

Vetniskolefni, C9-C12, n-alkanar, ísóalkanar, hringsambönd, arómatar (2-25%)					
Notkunarsvið vöru	**Snertileið**	**Lýsing áhrifa**	**Mæliaðferð**	**Gildi**	**Eining**
Atvinnutengt	Fólk, ísog/húð	Langtíma	DNEL	44	mg/kg/dag
Atvinnutengt	Fólk, innöndun	Langtíma	DNEL	330	mg/m3
Atvinnutengt	Fólk, innöndun	Skammtíma	DNEL	570	mg/m3
Neytendatengt	Fólk, ísog/húð	Langtíma	DNEL	26	mg/kg/dag
Neytendatengt	Fólk, innöndun	Langtíma	DNEL	71	mg/m3
Neytendatengt	Fólk, innöndun	Skammtíma	DNEL	570	mg/m3
Neytendatengt	Fólk, inntaka	Langtíma	DNEL	26	mg/kg/dag

DNEL Derived no effect level

8.2 Váhrifavarnir:

Tæknileg atriði

Notið einungis á stöðum með fullnægjandi loftræstingu. Notið lokuð kerfi, punktsog eða aðrar aðferðir til að halda styrk efnisins sem lægstum. Sé þetta ekki nægilegt til að halda styrk undir viðmiðunarmörkum, ætti að nota öndunarbúnað. Það á aðeins við séu viðmiðunarmörk gefin upp í þessum lið. Reykið ekki. Tryggið aðgang að sturtu og augnskoli á vinnustað.

Hreinsið húð vandlega eftir meðhöndlun efnavara, áður en nokkurs er neytt, farið er á salerni, og þegar vinnu er hætt. Gætið varúðar þegar farið er úr menguðum fatnaði.
Hreinsið mengaðan fatnað vandlega áður en hann er tekinn aftur í notkun. Sjáið til þess að augnskol og sturtur séu nærri vinnusvæði. Haldið vörunni fjarri matvörum.

Persónuhlífar

Augnhlífar Notið hlífðargleraugu af viðurkenndri gerð með hliðarvörn. (EN166)

Húð - hendur Notið efnaþolna hlífðarhanska úr t.d. úr nítrílgúmmíi (0,4 mm, gegnstreymistími >480 mín EN374). Notið hanska ekki lengur en 50% af uppgefnum gegnstreymistíma. Notið verndarkrem á hendur. Athugið leiðbeiningar framleiðanda og gegnstreymistíma hanska. Skiptið oft um hanska.

Húð - annað Mælt er með notkun efnahelds langerma vinnufatnaðar og öryggisskófatnaðar. (EN20345).

Öndunarfæri Sé loftræsting ófullnægjandi, notið viðurkennda öndunargrímu (heil- eða hálfgrímu) með síugerð A. Litarkódi brúnn (EN14387). Við háan styrk ætti að nota sjálfstæðan öndunarbúnað.
(EN 136/140/405, og EN 149/143).

9. Eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar

9.1 Upplýsingar um eðlis- og efnafræðilega grunneiginleika:

Eðlisástand:	Vökvi	
Lykt:	Megn jarðolíulykt	
Litur:	Litlaus/ljósgulur	
Suðumark:	155-194°C	
Blossamark:	43°C	
Sjálftendrunarmark:	242°C	
Lægri brunamörk í lofti:	0,7%	
Hærri brunamörk í lofti:	6,0%	
Uppgufunarhraði:	0,2	(bútýl asetat = 1)
Gufuþrýstingur (20°C):	0,2	(kPa)
Eðlismassi gufu(loft=1):	4,900	(101 kPa
Eðlismassi (15°C):	0,79	g/cm3
Leysni í vatni:	Hverfandi	
Seigja (40°C):	1	cSt
Sprengifimi:	Nei	
Oxandi eiginleikar:	Nei	

9.2 Aðrar upplýsingar:

Rennslismark: <-20°C

10. Stöðugleiki og hvarfgirni

10.1 Hvarfgirni:

Stöðugt við venjulegar notkunaraðstæður og ætlaða notkun.

10.2 Efnafræðilegur stöðugleiki:

Stöðugt við venjulegar notkunaraðstæður.

10.3 Möguleiki á hættulegu efnahvarfi:

Varan er eldfim og getur myndað sprengifimar blöndur með lofti. Fjölliðast ekki.

10.4 Skilyrði sem ber að varast:

Hátt hitastig, opinn eldur, stöðurafmagn og aðrir íkveikjuvaldar.

10.5 Ósamrýmanleg efni:

Sterkir oxarar.

10.6 Hættuleg niðurbrotsefni:

Við bruna geta myndast reykur, kolefnisoxíð, hálfbrunnin vetniskolefni, og eitraðar og daunillar gufur. Gufa er þyngri en loft og getur borist með gólfi að íkveikjuvöldum. Getur myndað sprengifimar blöndur með lofti

11. Eiturefnafræðilegar upplýsingar

11.1 Upplýsingar um eiturefnafræðileg áhrif:

Bráð eiturhrif:

Innöndun Gufa getur valdið sljóleika og svima, og haft áhrif á miðtaugakerfi.

Snerting við húð Langvarandi snerting getur valdið roða, ertingu og þurrki.

Snerting við augu Veldur vægri tímabundinni ertingu.

Inntaka Ásvelging í lungu við inntöku eða uppköst, getur valdið alvarlegri lungnabólgu, jafnvel dauða.

Almennt Hár styrkur gufu getur valdið ertingu í augum og öndunarfærum. Auk þess höfuðverk, svima, vímuáhrifum, og áhrifum á miðtaugakerfi. Endurtekin eða langvinn áverkun á húð getur valdið affitun og ertingu. Lítið magn vökva sem berst í lungu getur valdið lungnabólgu eða lungnabjúg.

Vetniskolefni, C9-C12, n-alkanar, ísóalkanar, hringsambönd, arómatar (2-25%)					
	Gildi	**Niðurstaða**	**Eining**	**Dýrateg/Aðferð**	**Athugasemdir**
Bráð eiturhrif, inntaka	LD_{50}	>15000	mg/kg	rotta	OECD 401
Bráð eiturhrif, ísog um húð	LD_{50}	3400	mg/kg	kanína	OECD 402
Bráð eiturhrif, innöndun	LC_{50}	>13,1	mg/L 4klst	rotta	OECD 403
Húðæting/erting		Væg erting, þurrkar húð			
Alvarlegur augnskaði		Væg erting			
Næming, húð eða öndunarfæri		Engar upplýsingar			OECD 406
Stökkbreytingar kímfruma		Neikvætt			OECD 471
Krabbamein		Flokkunarviðmið ekki uppfyllt			
Eitrun æxlunarfæra		Flokkunarviðmið ekki uppfyllt			
Sértæk eiturhrif á marklíffæri (eitt skipti)		Bæling miðtaugakerfis, vímuáhrif, sljóleiki, minnkuð vitund, minnkuð viðbrögð og samhæfing, svimi			
Sértæk eiturhrif á marklíffæri (endurt.)		Skaðar líffæri			
Ásvelgingarhætta		Getur verið banvænt við inntöku ef það kemst í öndunarveg.			

12. Vistfræðilegar upplýsingar

12.1 Eiturhrif: Eitrað lífi í vatni, hefur langvinn áhrif.

Vetniskolefni, C9-C12, n-alkanar, ísóalkanar, hringsambönd, arómatar (2-25%)					
	Gildi	**Niðurstaða**	**Tími**	**Dýrategund**	**Aðferð**
Eiturhrif	LL_{50}	10-30 mg/l	96 klst	Fiskar	
Eiturhrif	EL_{50}	10-22 mg/l	48 klst	Daphnia	
Eiturhrif	EL_{50}	4,6-10 mg/l	72 klst	Þörungar	
Langvinn eiturhrif	NOEC	0,1 mg/l	21 d	Daphnia	
Þrávirkni og niðurbrot	Brotnar auðveldlega niður (75% á 28 d)				
Dreifanleiki í jarðvegi	Mjög rokgjarnt, gufar hratt upp, ekki gert ráð fyrir dreifingu í jarðvegi eða frárennsli. Óleysanlegt í vatni.				Deilistuðull >4
Mat á PBT / vPvB	Flokkast ekki sem slíkt				
Annað	Skaðar ekki endókrín skv. REACH grein 57(f)				

13. Förgun

13.1 Aðferðir við meðhöndlun úrgangs:

Vara

Farga skal efninu samkvæmt gildandi lögum og reglum. Úrgang af efninu skal merkja vel og koma í spilliefnamóttöku. Tæmið umbúðir sem best.

Óhreinar umbúðir

Óhreinar umbúðir skal meðhöndla eins og vöruna sjálfa. Hreinar umbúðir má endurvinna. Ekki skal setja tómar umbúðir undir þrýsting, eða skera, saga, sjóða, lóða, bora í þær. Haldið fjarri háu hitastigi og stöðurafmagns-,eld- og neistagjöfum.

14. Upplýsingar um flutninga

ADR:

Varúðarmerking

UN Númer 1300
Efnisheiti v. flutninga: TURPENTINE SUBSTITUTE (Hydrocarbons, C9-C12, n-alkanes, isoalkanes, cyclics, aromatics (2-25%))
Hættuflokkur: 3
Hættuundirflokkur: 30*
Pökkunarflokkur: III
Mengunarhætta: Já
Takmörkun v. jarðganga: D/E

IMDG:

UN Númer 1300
Efnisheiti v. flutninga: TURPENTINE SUBSTITUTE, 3, PG III, (FP 39°C) MARINE POLLUTANT
Hættuflokkur: 3
Pökkunarflokkur: III
EMS: F-E, S-E
Sjávarmengandi: Já

IATA:

UN Númer 1300
Efnisheiti v. flutninga: TURPENTINE SUBSTITUTE (Hydrocarbons, C9-C12, n-alkanes, isoalkanes, cyclics, aromatics (2-25%))
Hættuflokkur: 3
Pökkunarflokkur: III

15. Upplýsingar varðandi regluverk

15.1 Sértæk ákvæði/löggjöf fyrir efnið eða blönduna vegna öryggis, heilbrigðis og umhverfis:

Varan fellur undir eftirfarandi reglugerðir: 1907/2006 (REACH), 1272/2008 (CLP), 67/548 EB (DSD), 1999/45 EB (DPD). 2004/42 og 13/01/2010.
Íslenskar reglugerðir 888/2015 og 415/2014 (CLP), með síðari breytingum.

15.2 Efnaöryggismat:

Efnaöryggismat hefur farið fram á einu eða fleiri innihaldsefnum.

16. Aðrar upplýsingar

Texti allra hættusetninga sem vikið er að á þessu öryggisblaði

H226	Eldfimur vökvi og gufa
H302	Eitrað við inntöku
H304	Getur verið banvænt við inntöku ef það kemst í öndunarveg.
H318	Veldur alvarlegum augnskaða
H319	Veldur alvarlegri augnertingu
H336	Getur valdið sljóleika eða svima
H372	Skaðar líffæri við langvinn eða endurtekin váhrif (miðtaugakerfi)
H400	Mjög eitrað lífi í vatni
H410	Mjög eitrað lífi í vatni, hefur langvinn áhrif
H411	Eitrað lífi í vatni, hefur langvinn áhrif
EUH066	Endurtekin snerting getur valdið þurri eða sprunginni húð

Útgáfa:	5
Dags:	13.04.2025

Öryggisblað þetta er þýtt af Gunnari Þórðarsyni efnaverkfræðingi.

Öryggisblað þetta er byggt á þeirri þekkingu sem fyrir liggur á útgáfudegi þess, um möguleg áhrif efnisins á heilsu, öryggi og umhverfi.
Það felur ekki í sér neina ábyrgð á efniseiginleikum og á einungis við um vöruna eins og hún kemur frá seljanda.
Það er alltaf á ábyrgð notanda vörunnar að nauðsynlegar öryggisráðstafanir séu gerðar og að þær séu í samræmi við gildandi lög og reglugerðir.
Notkun vörunnar er á ábyrgð notanda. Atvinnurekendur bera ábyrgð á útgáfu notkunarleiðbeininga sem eiga við þeirra vinnuumhverfi.

Frumheimild:	***UNIVAR SOLUTIONS UK LTD.***
	SAFETY DATA SHEET
	HYDROCARBONS C9-12 N-ALKANES, ISOALKANES CYCLIC AROMATICS (2-25%)
Útgáfa:	*4.002. 24.01.2023, kemur í stað útgáfu dags. 25.08.2022*